

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, mánudaginn 27. september kl. 13:00 var haldinn 309. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað. Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eybór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Hildur Björnsdóttir tók þátt um fjarfundabúnað. Fulltrúi starfsmanna var Ólöf Snæhólm Baldursdóttir. Bjarni Bjarnason, forstjóri tók þátt um fjarfundarbúnað. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 308 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður undirrituð rafrænt.
2. Klukkan 13:10 mætti Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála til fundarins ásamt Gísli Birni og Brynju Kolbrúnu, sérfræðingum í fjármálum og kynnti stöðu fjármögnunar, stöðu og horfur á álmörkuðum og álvarnarsamningum, sem gerðir hafa verið að undanfögnu.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 27.09.2021. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að efri mörk áhættuvarnarhlutfalls vegna álvarna verði hækkuð fyrir tiltekin fjárhagsár, sbr. eftirfarandi:

2022 úr 85% í 100%
2023 úr 75% í 100%

Að öðru leyti haldast efri mörk eins og þau eru skilgreind í áhættuhandbók.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Gerð grein fyrir breytingu á lánshæfismati Moodys. OR er nú komin í fjárfestingaflokk hjá báðum matsfyrirtækjunum, sem meta lánshæfi OR. Lagðar fram og kynntar upplýsingar um lífeyrisskuldbindingar samstæðu OR.

Bjarni Freyr kynnti forsendur og fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2022 og langtímaspá árána 2023-2027.

Klukkan 14:15 mættu Arndís Ósk Ólafsdóttir, Jóhannes Þorleiksson og Hrefna Hallgrímsdóttir forstöðufólk hjá Veitum til fundarins ásamt Ingvari Þór Þorsteinssyni, fjármálaleiðtoga Veitna og kynntu fjárhagsspá félagsins.

Klukkan 14:30 kom Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastýra Orku náttúrunnar, rafrænt á fundinn og kynnti fjárhagsspá félagsins og ON Power.

Klukkan 14:55 mætti Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur til fundarins og kynnti fjárhagsspá félagsins. Jafnframt upplýsti Erling Freyr um fyrirhugaða breytingu á nafni félagsins í Ljósleiðarann.

Klukkan 15:10 mætti Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx og kynnti fjárhagsspá félagsins.

Afgreiðslu spárinnar frestað til aukafundar stjórnar, sem haldinn verður fimmtudaginn 30. september nk. kl. 14:30.

Áhættuskýrsla, dags. 17. 9. 2021 lögð fram.

3. Edda Sif greindi frá framtíðarsýn Carbfíx og verkefninu Coda Terminal. Umræður. Fundi í stjórn OR frestað kl. 15:40

Klukkan 15:50 var fundur settur að nýju. Eyþór Laxdal Arnalds yfirgaf fundinn kl. 15:50.

4. Klukkan 15:50 mættu til fundarins Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og Sunna Jóhannsdóttir nefndarkona í endurskoðunarnefnd. Lárus og Sunna lögðu fram og kynntu skýrslu um störf endurskoðunarnefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 20. 9. 2021 fyrir starfsárið 2020-2021, ásamt bréfi nefndarinnar dags. 21. 9. 2021. Umræður.
5. Klukkan 16:05 mættu Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri og Bjarni Snæbjörn Jónsson, ráðgjafi til fundarins og kynntu stefnumiðaða stjórnun innan samstæðu og stöðu stefnuverkefna 2021. Umræður.
6. Lagt fram minnisblað, dags. 27.09.2021 um stefnu um samfélagsábyrgð. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt.
7. Lögð fram tillaga að breyttum starfsreglum stjórnar varðandi fjarfundi og notkun á fjarfundarbúnaði. Umræður. Afgreiðslu frestað.
8. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 23. 9. 2021, um starfsemina á milli stjórnarfunda.
9. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:50.

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. október 2021.
Aukafundur verður haldinn 30. september 2021.**

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Eyþór Laxdal Arnalds
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir
Hildur Björnsdóttir
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir